

Nd.

105. Breytingartillaga

[11. mál]

við frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 1. gr. bætast tvær nýjar mgr. sem verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Á sama hátt og á sama tímabili er óheimilt að miða opinber gjöld af einu eða öðru tagi, hvort sem er til ríkisins eða sveitarfélaga, með einum eða öðrum hætti við vísitölu. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum um heimildir til hækkunar gjalda eða skatta með tilliti til breytinga á vísitölu skal slík hækkun óheimil frá og með gildistökudegi þessara laga.

Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatí fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn álagningarinnar um 20% við álagningu 1984 fyrir gjöld, sem reiknast árlega, en frá og með 1. des. 1983 að því er önnur gjöld varðar. Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentsur frá því sem í gildi var hinn 25. maí 1983.

2. Við 2. gr. bætist ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Frá og með gildistökudegi laga þessara og þar til öðruvísi um semst skulu lágmarksheildarlaun vera kr. 15 000 á mánuði fyrir fulla dagvinnu og tilsvarendi fyrir hlutastörf. Til heildarlauna teljast í þessu sambandi taxtalaun að viðbættum hvers kyns álögum, en án orlofs.

3. Fyrirsögn frv. breytist og verði: Frv. til l. um launamál og vísitöluviðmiðanir.